

# AÐALSKIPULAG AKRANESS 2021-2033 - BREYTING SMIÐJUVELLIR, KALMANSVELLIR

08.07.2024 | Skipulagsmál



Bæjarstjórn Akraness samþykkti 14. maí 2024 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 vegna Smiðjuvalla og Kalmansvalla samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkti 27. Júní 2024 deiliskipulagsramma um stefnumörkun um svæðið vegna Smiðjuvalla.

Breyting á aðalskipulagi felst í að athafnasvæði AT-144 og verslunar- og þjónustusvæði Vþ-146 eru sameinuð sem íbúðarsvæði með blandaðri byggð, IB-144. Lóð bensinstöðvar, Vþ-143, og tengivirki Landsnets, I-145, verða ekki hluti íbúðarsvæðisins og nær breyting þessi ekki til þeirra lóða.

Í deiliskipulagsramma Smiðjuvalla er forsogn fyrir deiliskipulagsgerð og nánari grein gerð fyrir stefnu um það umbreytingarferli sem framundan er á svæðinu sem verður ekki fastákveðið í aðalskipulagi. **Deiliskipulagsrammi Smiðjuvalla**

Samhlíða aðalskipulagsbreytingu þessari er deiliskipulagsrammi auglýstur.

Breytingartillagan verður til kynningar á heimasiðu Akraneskaupstaðar <https://www.akranes.is/> og á Skipulagsgátt <https://www.skipulagsgatt.is/issues/2024/584> frá 10. júlí 2024 til 26. ágúst 2024. **Aðalskipulag Akraness 2023-2033**

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til og með 26. ágúst 2024. Skila skal skriflegum athugasemdum á skipulagsgátt <https://www.skipulagsgatt.is/issues/2024/584>.

Skipulagsfulltrúi Akraneskaupstaðar